

Alþingi
Eriundi nr. P 139/1803
komudagur 28.3.2011

REYKJAVÍK 26.MARS 2011

UMSÖGN UM 285. MÁL: TILLAGA TIL ÞINGSÁLYKTUNAR um stofnun íslenskrar handveerksdeildar í Listaháskóla Íslands.

Ég undirrituð hef íhugað tillögu til þingsályktunar um stofnun íslenskrar handveerksdeildar í Listaháskóla Íslands.

Umsögn mín um þingsályktunina er þessi.

Kennsla þá þessu sviði á betur heima í menntastofnunum á örðum skólastigum en Listaháskóla Íslands.

Háskólar gera þær kröfur til nemenda að þeir hafi tileinkað sér undirbúningþekkingu hvort sem er böklega eða sem handverk, á fyrri stigum menntunar. Efnisval, efnisþekkingu og tækni er vel til þess fallin að hún nýtist í námi við Listaháskóla, hvort sem tiltekin hæfni tilheyrir íslenskum þjóðararfi eða ekki.

Kennslu í handverki ýmiss konar er best að hefja í barnaskólum enda er það gert. Kennslu í þeim handverksgreinum sem nefndar eru í þingsályktuninni má sækja t.d. til Heimilisiðanaðarfélagssins, Tækniskóla Íslands og víðar. Myndlist (og þar með talin listmálun) er kennd á ýmsum skólastigum og námskeiðum.

Tillagan tekur ekki til grunnhandveerks íslenskrar menningar svo sem torfhleðslu og vefnaðar. Þrjónles er nefnt og það er kennt í barnaskólum og færni á því sviði er hægt að afla sér víða.

Ljöst er að flutningsmenn tillögunnar gætu kynnt sér betur hvert fólk sækir sér menntun í handiðnum.

Einnig bendi ég á að leiðin til að auka almennan áhuga á íslensku handverki er ekki sú að hefja einstaka þætti þess upp á háskólastig.

Myndlistarmenntun/myndmennt í hinu almenna skólakerfi þyrfti að auka og til þess þarf sannarlega liðsinni alþingismanna.

Virðingarfyllst.

Ástríður Ólafsdóttir, myndlistarmaður og stjórnarmaður í Sambandi Íslenskra myndlistarmanna.

Birkimel 6a
107 Reykjavík.
Sími: 5522996